

**Ed.**                   **1201. Breytingartillögur**                   [480. mál]

við frv. til 1. um greiðslujöfnun fasteignaveðlana til einstaklinga.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EG, RA, KÁ).

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „launa“ í síðari málsl. komi: kauptaxtavísitolu.
2. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:

Lög þessi taka til lána einstaklinga sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnaðis til eigin nota hjá byggingarsjóðum ríkisins og sams konar lána hjá öðrum sjóðum og innlásstofnunum. Seðlabanka Íslands skal skyld að endurkaupa skuldabréf af öðrum aðilum en byggingarsjóðum ríkisins vegna samninga um greiðslujöfnun samkvæmt þessum lögum. Skuldari getur þó undanþegið sig þessu ákvæði.

3. Við 4. gr. Í stað orðsins „fullverðtryggðum“ í 1. og 2. mgr. komi: verðtryggðum.
4. Við 5. gr.
  - a. Í stað orðsins „launavísitolu“ í 1. mgr. komi: kauptaxtavísitolu.
  - b. 3. mgr. orðist svo:  
Sé greiðslumark hærra en gjalddagafjárhæð skal heildargreiðslan miðuð við gjald-dagafjárhæð.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:  
Kauptaxtavísitala skv. 1. og 5. gr. skal reiknuð út mánaðarlega af kjararanngóknar-nefnd.